



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 12. september 2017
R17090104

Borgarráð

Bæjarflöt 15-17, sala byggingarréttar með útboðsfyrirkomulagi.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að byggingarréttur fyrir atvinnuhúsnæði á lóðinni nr. 15-17 við Bæjarflöt, samtals 1100 fermetrar, verði seldur með útboðsfyrirkomulagi.

Greinargerð: Deiliskipulag fyrir lóðina Bæjarflöt 15-17 hefur tekið gildi og er gert ráð fyrir að heimilt sé að byggja 1100 fermetra atvinnuhúsnæði á lóðinni sem liggur við hliðina á Gylfaflöt 9-11. Lóðin var áður ætluð fyrir stórar bifreiðar en hún hefur ekki verið frágengin og á hana hefur safnast rusl og ónýtar bifreiðar sem verið er að fjarlægja. Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar telur tímabært að bjóða hana út með útboðsfyrirkomulagi.

Hrólfur Jónsson